

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. apríl 2022

**Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um  
gjaldfrjálssar tannréttingar fyrir börn, 58. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu þess efnis að Alþingi álykti að tannréttingar barna verði gjaldfrjálssar og feli heilbrigðisráðherra að leggja fram frumvarp þess efnis eigi síðar en í maí 2022. BSRB styður efni tillögunnar og tekur undir þau atriði sem koma fram í greinargerð með henni. Á nýafstöðnu þingi bandalagsins, sem haldið var daganna 24. og 25. mars sl., var rætt sérstaklega að ríkinu beri að endurskoða greiðsluþátttöku vegna tannréttinga barna, enda hefur sú þátttaka lengi staðið í stað og endurspeglar því á engan hátt þann mikla kostnað sem slíkt ferli felur í sér.

BSRB tekur því heilshugar undir að núverandi kerfi mismuni börnum eftir efnahag foreldra þeirra og hvetur til þess að þingsályktunartillagan nái fram að ganga.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Hrannar M. Gunnarsson', is positioned above the printed name.

Hrannar Már Gunnarsson  
lögfræðingur